

106. fundur stjórnar FnS, haldinn í Fjölheimum, 28. maí 2013 kl. 16.30

Mætt: Arna Ír Gunnarsdóttir, varamaður Ingvars Péturs Guðbjörnssonar, Gunnar Bragi Þorsteinsson, Magðalena Jónsdóttir, Þór Hreinsson og Gylfi Þorkelsson, sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ásm. Sverrir Pálsson, frkvstj.

Dagskrá:

1. Undirritun stofnfundargerðar

Stjórn samþykkir skjalið, eins og það liggur fyrir, með undirritun sinni.

2. Undirritun nýrrar skipulagsskrár

Stjórn samþykkir skjalið, eins og það liggur fyrir, með undirritun sinni.

3. Samstarf við Háskólafélag Suðurlands

Bjarni Ásbjörnsson kom á fundinn og kynnti hugmyndir sínar um greiningu á nánara samstarfi og samþættingu verkefna milli Fræðslunetsins og Háskólafélagsins. Bjarni hefur þegar rætt við stjórn Háskólafélagsins. Stjórn tekur jákvætt í þetta en óskar eftir fundi með stjórn Háskólafélagsins um málið áður en lengra er haldið.

4. Ferð til Hafnar í Hornafirði í byrjun maí

Frkvstj. kynnti. Framkvæmdastjórn Fræðslunetsins ses. og Háskólafélags Suðurlands ehf. heimstóttu Nýheima í Hornafirði í byrjun maí. Vilji er fyrir því innan Nýheima og sveitarstjórnar í Hornafirði að Nýheimar sameinist Fræðslunetinu og Háskólafélaginu. Ef af yrði færi sameiningin fram um áramót.

5. Önnur mál

Árni Rúnar Þorvaldsson hefur verið ráðinn í starf verkefnastjóra á sviði símenntunar í Vestur-Skaftafellssýslu. Starfið var auglýst á vegum Fræðslunetsins og Háskólafélagsins, en Árni verður formlega séð starfsmaður Fræðslunetsins.

Fundi slitið kl. 18.25